

Ed.

462. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar varðandi háskólabíólóð við Austurstræti.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hverju sætir það, að háskólinn, sem er rikiseign, fer að þarflausu í kapp við Búnaðarbankann, sem er líka rikiseign, og varnar honum að fá með eðlilegu verði lóð við Austurstræti fyrir framtíðarheimili bankans?

Greinargerð.

Búnaðarbankinn er á æskilegum stað í bænum, við hlið hinna bankanna, en býr í leiguhúsi, sem eigandinn tekur til sinna afnota eftir nokkur missiri. Verður bankinn þá vegalaus, og er ekki sýnilegt, að hann geti fengið lóð keypta undir framtíðarbyggingu sína á viðunandi stað í bænum. En fyrir nokkrum árum var til sölu mjög hentug lóð við Austurstræti, svo að segja við hlið Búnaðarbankans, þar sem hann er nú. Hilmar Stefánsson bankastóri lagði mjög mikla áberzlu á að fá þessa lóð keypta, og var talið líklegt, að á efri hæðum hússins gæti verið aðstaða fyrir starfsstofur Búnaðarfélags Íslands og bændahótel. En þegar hér er komið sögu, taka sig til tveir af kennurum háskólans, Alexander Jóhannesson og Niels Dungal, og gera yfirboð í þessa lóð fyrir sjóði háskólans og töldu sig vilja reisa þar og starfrækja kvikmyndahús. Þeir náðu tangarhaldi á lóðinni. En þegar til kom, reyndist hún með öllu óhæf fyrir kvikmyndahús, og er sennilegt, að kaupendur hafi vitað það frá upphafi. En þó að ekkert yrði úr bíórekstri á þessari lóð, þá voru þeir Alexander og Dungal alls ófúsir að selja Búnaðarbankanum lóðina nema með stórkostlegum spákaupmannsgróða, sem nam hundruðum þúsunda. Búnaðarbankinn hefur ekki viljað ganga að þessu neyðarboði. En það er að segja af meðferð lóðarinnar, að hún mun að mestu ónotuð, nema þar er rekin verzlun, sem er eign eins eða fleiri af svokölluðum Dungalbræðrum. Er talið, að þeir búi við mjög vægan leigumála, en hins vegar munu þeir hafa fengið forkaupsrétt á lóðinni hjá frammanefndum forráðamönnum háskólans.

Hér er vægast sagt um mjög óvenjulegt mál að ræða. Þess er vænzt, að ríkisstjórnin geti gefið Alþingi — og það mjög bráðlega — tæmandi skýrslu um gang þess frá byrjun. Það hlýtur að vera auðvelt að skýra, hvers vegna háskólinn gerði yfirboð í lóð, sem látin er liggja ónotuð, hvers vegna ríkisstjórnin blandaði sér ekki í málið á þeim tíma, hvers vegna háskólinn lét ekki lóðina af hendi við Búnaðarbankann án álagningar, þegar ekki varð úr bíóbyggingu, með hvaða kjörum lóðin er nú leigð undir lítilfjórlegan verzlunarrekstur og hvernig samningur háskólans er um forkaupsrétt Dungalbræðra.

Það er því eðlilegra, að þetta mál sé rætt opinberlega, þar sem þetta lóðarmál virðist af sumum aðstandendum háskólans vera notað sem röksemd fyrir því, að háskólinn þurfi að fá happdrættisleyfi sitt framlengt um 10 ára skeið.